

“Það var alltaf sjálfsagt að gera það sem við gátum”

Gamli Staðarskálinn heyrir nú sögunni til. Í nærfellt fimmtíu ár var hann vinsæll áningarstaður ferðafólks og hjústi vegmóða ferðalanga þegar heiðin var torfarin. Alla tíð var Staðarskáli í eigu bræðranna Eiríks og Magnúsar Gíslasonar og Báru Guðmundsdóttur, eiginkonu Magnúsar. Hér er spjallað við Báru um sögu og rekstur þessa merka ferðaþjónustustaðar.

Í áraraddir var sá er þetta ritar í hópi manna sem lögðu leið sína norður í land á hverju sumri. Menn fóru á eigin bílum og í undirbúningi ferðarinnar var jafnan talað um að hittast á leiðinni. Enginn minntist á hvar skyldi hist en um hádegisbil á ferðadegi tóku menn að tínast inn í Staðarskála í Hrútafirði, einn af öðrum, þar sem sest var niður og fengnar veitingar. Sjálfsagt var þessi staður fyrir okkur það sama og fyrir Þórarin Eldjárn skáld, sem orti fleygt kvæði um staðinn undir nafninu: “Staðarskáli er Ísland” og segir að þar sér miðstöð mannaferða.

En nú er hún Snorrabúð stekkur. Á miðnætti 24. september 2008 læsti Eiríkur Gíslason dyrum Staðarskála sem veitingastaðar á síðasta sinn og þar með til heyrði þessi merki staður sögunni. Staður þar sem svo margir höfðu leitað sér hvíldar og hressingar á ferðum sínum og alltaf fengið aðlúðlegar og góðar móttökur, sennilega þeir þó bestar sem voru vegmóðastir.

Staðarskáli var rekinn í tæp fimmtíu ár. Fyrst sem vegasjoppa en síðar sem veitingastaður og gististaður. Fyrir þá sem voru á leiðinni suður var hann “síðasti bærinn í dalnum” áður en lagt var á Holtavörðuheiði sem var á fyrri tímum erfðuráfangi á leiðinni milli landsfjórðunga. Fyrir þá sem komu að sunnan var kærkomið að komast í Staðarskála eftir heiðarferðina, kasta þar mæðinni og fá sér hressingu. Einhvernvegin var það þannig í tímanna rás að Staðarskáli varð einskonar samnefni fyrir þá veitingaskála sem reistir voru við Þjóðvegina. Samt hafði hann alltaf sérstöðu. Fyrir marga var það nánast eins og að koma heim þegar þeir gengu þar um dyr. Þórarinn skáld var ekki sá eini sem hafði það á tilfinningunni.

STAÐUR Á SÉR MERKA SÖGU

Staður í Hrútafirði á sér merka sögu og hefur sennilega verið búið þar frá landnáms tíð. Í kaþólskri tíð á Íslandi var þar kirkja sem helguð var Maríu mey. Núverandi kirkja á staðnum var byggð árið 1884 og var yfirsmíður við byggingu hennar Sigurður Sigurðsson frá Hvítadal, faðir Stefáns skálds. Kirkjan var endurbætt verulega árið 1950 síðan nánast endurbýggð árið 1980. Forn altaristafla er í kirkjunni og þykir hún stórmerkileg. Hún sýnir síðustu kvöldmáltíðina og er máluð á tré. Af öðrum merkjum gripum kirkjunnar má nefna tréskurðarskreytingu á austurgafli hennar, yfir altarinu.

Staður var prestssetur í langan aldur en árið 1885 var það lagt niður. Stóð þá til að Staðarprestur hefði setur að Húki í Miðfirði og þjónaði þaðan bæði Staðarsókn og Efra – Núpssókn. Af því varð þó aldrei og Staður varð aftur prestssetur á árunum 1904 – 1920. Þá sat þar séra Eiríkur Gíslason sem jafnframt var prófastur Strandamanna. Hann átti raunar að sitja hinum megin við fjörðinn að Prestsbakka í Bæjarhreppi en fékk sérstakt biskupsleyfi til þess að sitja á Stað. Jafnframt prestsstörfunum var hann póstafræðslumaður en á Stað var afgreiðslustaður landpóstisins í langan tíma. Séra Eiríkur átti son sem hét Gísli og sýnir hans eru þeir tveir menn sem mest og lengst hafa komið við sögu veitingareksturs í Hrútafirði, þeir Magnús og Eiríkur, ásamt Báru Guðmundsdóttur, eiginkonu Magnúsar.

BREYTTUR VERULEIKI

Það voru komnir haustlitir í Holtavörðuheiðina þegar rennt var norður í Staðarskála nokkrum dögum áður en honum var formlega skellt í lás. Þetta hafði greinilega verið hlýtt og gott sumar því það voru litlir skaflar í Tröllakirkju og sauðféð sem þeir sunnanmenn voru að reka til byggða virtist vel fram gengið. Norðanmegin var hins vegar ekkert fé að sjá enda upplýsti Eiríkur á Stað að þeir Hrútafirðingar væru búnir að smala heiðina fyrir nokkrum dögum.

Þegar kom niður í Hrútafjörðinn blasti við annar veruleiki en maður var vanur. Skáli í Brú fyrirfannst enginn en

þar sem hann stóð áður var nú kominn beinn og breiður vegur sem liggur út með Hrútafirðinum. Krappa beygjan við Hrútu var þó enn á sínum stað og einbreiða brúin yfir Síká – ein sú síðasta á Þjóðvegi eitt á milli Reykjavíkur og Akureyrar. Niður á eyrunum gat að líta gul, blikkandi ljós vinnuvéla og mannvirki sem virtist þó að mestu hverfa inn í umhverfið. Þarna var að koma nýr vegur. Framkvæmd sem hafði staðið til í nokkur ár en var nú að verða að veruleika. Það er hún sem öðru fremur réð örlögum gamla Staðarskálans. Nútíminn tekur ekki á sig króka. Það sem ekki í bæjarhlaði er úrleidis þótt krókurinn sé ekki langur.

Í Staðarskála eru annir sumarsins að baki. Þó eru margir bílar þar í hlaði. Stórtrukkar standa þar í snyrtilegri röð og bíða þess að stjórnendur þeirra klifri upp tröppur, setjist undir stýrið og haldi ferðinni áfram – norður eða suður. Þarna eru þeir heimavanir.

Inni í skálanum er allt með sama sniði og áður þótt lokunardagurinn nálgist. Kokkurinn steikir hamborgara og vegfarandinn sem hann hefur pantað hefur tyllt sér við eitt borðið. Reiðubúinn að stökkva upp eins og þáttakandi í spurningakeppni þegar númerið hans verður kallað upp. Vörubílstjórnarnir sitja saman við borð og ræða landsins gagn og nauðsynjar. Færðin og vegakerfið veiga ekki eins þungt í umræðum þeirra og fyrr á dögum. Kannski hefur olíuverðið yfirtekið umræðuna.

“Er Bára við” er spurningin sem við berum fram þegar kemur að okkur.

Kokkurinn hálfopnar hurð í aðra vistarveru og kallar nafn hennar. Eftir smábið kemur Bára fram. Vörpuleg kona, komin af léttasta skeiði en samt er fas hennar eins og ungrar stúlku sem á öll verkefni lífsins framundan. Það er þróttur í handtakinu og ósjálfrátt spyr maður sjálfan sig þess hvað þessi kona muni hafa heilsað mörgum gestum á sínu mannarga stað frá því að hún hóf þar fyrst störf. Það veit enginn – síst hún sjálf. Talan skiptir hana ekki máli, miklu fremur það að þeir sem haldið hafa úr hlaði hafi farið þaðan ánægðir með þjónustu og viðurgjöfning.

STAÐARHALDARI OG SJÖ BARNNA MÓÐIR

Báru er fylgt eftir inn á skrifstofu sem er inn af sjoppunni og hún sest við tölvuna sem hún segist raunar kunna lítið að nota þótt hún sé orðin þarfasti þjónninn í ferðaþjónustunni. Uppstoppaður selur er helsta skautið á skrifstofunni. Skyldi hann vera úr Ófeigsfirðinum þaðan sem Bára er ættuð. “Nei,” segir hún. “Þessi er af Vatnsnesinu.”

Bára tekur strax fram að hún hafi ekki mikið að segja. Samt er hún búinn að vera einn af staðarhöldurum á þessum fjölsóttu ferðamannastað í nærri hálfra öld. Og ekki bara það að hún sinnti þar starfi sínu. Hún var líka húsmóðir og er móðir sjö barna en það hefði sjálfsagt mörgum þótt ærið dagsverk.

Áður en formlegt spjall við Báru hefst er gamli tíminn rifjaður upp. Árið 1929 var bensínsala hafin við þjóðveginn – í túnjaðrinum við Stað. Þar komu margir og “fyllt’ann” áður en lagt var á heidina. Ferðalangar renndu upp að tanknum, flautuðu og biðu þess að einhver kæmi heiman frá bænum til að þjónusta þá. Biðin gat tekið tíma svo og athöfnin sjálf því auðvitað þurfti að handdæla bensíninu og þá var tíminn notaður til þess að spjalla við heimamenn, spyrja almæltra tíðinda en þó einkum að kanna hvort eitthvað væri að fréttu af færð á heidinni. Svo hélt ferðamaðurinn sína leið og Staðarfolk hvarf til anna sinna við bústörfin.

Bára Guðmundsdóttir er ættuð frá Ófeigsfirði á Ströndum. Á táningsaldri fór hún til náms í héraðsskólann að Reykjum í Hrutafirði og man enn hvað henni fannst landslagið í Hrutafirðinum tilþrífalítið og kollótt þegar hún kom þangað. Það var eitthvað annað en tignarleg fjöllin sem blöstu við af bæjarhladini í heimafirði hennar. Svo fór hún að vinna á símsstöðinni á Brú. Þá var mannmargt á Brú. Rekin þar radíóstöð sem gegndi veigamiklu hlutverki og þar var einnig síma- og pósthönd fyrir nágrennið. Fljótlega kynntist Bára ungum pilti úr nágrenninu, Magnúsi Gíslasyni á Stað, og þau felldu hugi saman. Er ekki að orðlengja það að þau rugluðu saman reitum sínum og Bára flutti úr símsstöðinni að Stað og þar sem hún og Magnús hófu búskap.

FYRSTI STAÐARSKÁLINN

Um það leyti sem Bára flutti að Stað voru töluverðar breytingar að verða í íslensku þjóðlífi. Æ fleiri áttu bíla og umferðin jókst

á þjóðvegnum. Frátafir frá búskapnum á Stað urðu meiri og meiri vegna bensínafgreiðslunnar og margir ferðamenn sem þar höfðu stuttan stans höfðu á orði að gott væri nú að geta fengið sér eitthvað áður en lagt yrði á heidina eða þeir voru svangir eftir langa ferð yfir hana. Heimamenn á Stað réðu ráðu sínum og niðurstaðan varð sú að reisa skála við bensínafgreiðsluna og hefja þar greiðasölu. Auk ungu hjónanna, Magnúsar og Báru, reru Eiríkur, bróðir Magnúsar á bátnum og hefur svo verið alla tíð síðan að reksturinn hefur verið í eigu fjölskyldunnar.

Um sama leyti og Staðarskáli tók til starfa varð sú breyting á að hótél sem rekið hafði verið sunnan heidar, í Fornahvammi, var lagt niður. Þar höfðu Norðurleiðarúturnar löngum haft viðkomu á ferðum sínum en fluttu sig nú yfir í Staðarskála.

Fyrsti Staðarskálinn var hvorki háreist né stór bygging en kom strax að góðum notum.

“Þegar við byrjuðum með skálann sáum við engan veginn hver þróunin myndi verða,” segir Bára. “Fyrst var einungis boðið upp á gos, sælgæti og svo kaffi og heimabakaðar kökur. Síðan smurt brauð. Eitt leiddi af öðru. Þessu næst var farið að hafa léttu rétti eða skyndibita á boðstólum og þar voru pylsur og hamborgarar efst á blaði en þeir sem komu oft til okkar, urðu fastagestir á ferðalögum sínum, spurðust oft fyrir um hvort ekki væri hægt að fá “venjulegan” mat og þær fyrirspurnir, öðru fremur, urðu til þess að við fórum að sinna þeim þörfum og bjóða upp á mat af matseðli. Smátt og smátt varð slíkt jafnvel fyrirferðarmeira í matseldinni heldur en skyndibitinn.”

HRÖÐ ÞRÓUN

Og þróunin varð tiltölulega hröð og í takt við það sem var að gerast í samgöngumálunum. Fyrst eftir að Staðarskáli opnaði fór nær öll umferð venjulegra ferðamanna fram á tiltölulega skömmum tíma yfir sumarmánuðina. Fólk lagði ekki í vetrarferðir nema það ætti brýn erindi enda gat slíkt boðið upp á mannraunir. Flestir ferðamenn sem fóru landveg milli suðurs og norðurs eða öfugt völdu þann kostinn að fara með hópferðabílum því þá var það nokkuð öruggt að þeir kæmst leiðar sinnar. Yfir vetrartímamán sá Vegagerð ríksins um að halda Holtavörðuheidi opinni tvisvar í viku, á þriðjudögum og

föstudögum, og var það ekki nema í verstu veðrum sem slíkt brást.

“En fólk var oft líúð eftir löng og ströng ferðalög þegar það kom til okkar,” rifjar Bára upp. “Vegirnir voru vondir, svo ekki sé meira sagt, og þótt fólk kæmist leiðar sinnar var við allskonar erfiðleika að etja. Bílarnir þá voru ekki eins góðir og núna, margir þeirra komnir til ára sinna og biluðu oft. Þá má heldur ekki gleyma því að sprungin dekk voru næstum fastur liður í langferðalögum. Ég held að oft hafi fólk verið fegið þegar það staðnæmdist við Staðarskála, gat komið inn, fengið sér eitthvað að borða og kastað ferðamæðinni. Við reyndum alltaf að taka á móti gestunum af alúð og veita þeim þann beina sem okkur var mögulegt.”

EKKI SPURT UM TÍMA EÐA FYRIRHÖFN

Og þá er kannski komið að kjarna þess hve vinsæll áningastaður Staðarskáli var allt frá upphafi. Þar nutu ferðalangar persónulegrar þjónustu heimafólks sem sparði hvorki tíma né fyrirhöfn. Ekki var heldur fengist um það þótt ferðalanga bæri að garði utan hefðbundins opnunartíma. Ef fólk þurfti þjónustu þá fékk það hana, sama hvað dagurinn hét og hvað klukkan var.

Bára segir að það hafi verið mikill munur á vetrar- og sumarumferðinni fyrst eftir að Staðarskáli var opnaður:

“Það var oft mikið um að vera yfir hásumarið og þá sérstaklega um sumar helgar eins og t.d. verslunarmannahelgina. Ferðalög fólks voru þá meira einskorðuð við ákveðin tímabil heldur en síðar varð. Á veturna var hins vegar oft heldur dýrðarlítið og nánast ekkert um að vera nema þá tvo daga sem heidinni var haldið opinni. Þá fylltist allt af fólki, bæði því sem var á ferð með rútunni og því sem notfærði sér fara í kjölfar hennar þegar heidinn var rudd. Á árum áður voru líka mun minni þungaflutningar en síðar varð. Þá var varan flutt á milli staða með skipum. Það var ekki fyrr en skipaferðirnar lögðust af að stórir vörubílar fóru að verða í föstum ferðum á milli og við það jókst umferðin hjá okkur verulega – flutningabílastjórnarnir komu undantekningarlítið við í Staðarskála og urðu fastagestir hjá okkur. Kannski voru það fyrst og fremst þeir sem hvöttu til þess að við færum að vera með “heimilismat” á boðstólum.

SKÁLINN STÆKKAÐUR 1971

Strax fyrsta sumarið sem Staðarskáli var opinn var umferðin þar miklu meiri en heimafólk hafði vænst. “Við urðum fljótlega að ráða tvær stúlkur til starfa með okkur,” segir Bára. “Þannig gekk það fyrstu árin. Við höfðum sumarfólk en fjölskyldan reyndi að sinna vetrarumferðinni að mestu sjálf. Það var vissulega oft mikið að gera og vinnudagurinn langur, en þetta var allt frá öndverðu skemmtilegt. Við kynntumst fjölda fólki og okkur leið vel þegar við fundum að ferðalangarnir voru ekki bara gestir okkar, heldur líka vinir.”

Árið 1971 urðu tímamót í rekstri Staðarskála er hann var stækkaður verulega og komið upp gistirými í kjallaranum.

“Gamli skálinn var fyrir löngu orðinn of lítill,” segir Bára. “Við urðum að hrökkva eða stökkva og ráðist var í viðbyggingu við gamla skálann. Við það stækkaði veitingaaðstaðan til muna og að auki voru útbúin fjögur tveggja manna herbergi í kjallaranum og kom það sér oft vel.”

Eftir að Staðarskáli var stækkaður var farið að brydda upp á ýmsum nýjungum í rekstrinum og meðal þess var samkomuhald fyrir sveitina.

Bára segir að skemmtanahaldið hafi byrjað með því að efnit var til þorablóts. “Við héldum þorablót í mörg ár og voru það hinar ánægjulegustu samkomur. Um tíma var líka haldið það sem við kölluðum jólaböll en á þeim voru skemmtiatriði og hljómsveit lék fyrir dansi. En það var með samkomuhaldið hér eins og víða annars staðar. Það átti sinn tíma. Farið var að halda þorablót í nágrenninu, á Boreyri, í Ársbyrgi, í Viðihlíð og á Hvammstanga og þá þótti sjálfsagt að heimafólk í viðkomandi byggðum sækti þau. Nú síðustu ár höfum við farið með mat á þrjú þessara þorablóta þannig að við missum ekki af þessum skemmtunum. Fólki finnst einfaldlega þægilegt að fá matinn sendan til sín, enda heilmikið mál að útbúa slíkan mat fyrir fjölda fólks. Jólaböllin lögðust líka niður. Það gerðist í kjölfar bættra samgangna þegar sá tími kom að fólki fannst það ekkert mál að ferðast langar leiðir til þess að komast á skemmtanir.”

ÚTIHÚSI BREYTT Í HÓTEL

Jafnhliða rekstri Staðarskála var fjölskyldan einnig með búrekstur á Stað. “Til að byrja með vorum við bæði með kýr og kindur og var þar einnig um félagsbú að ræða. Við hættum fljótlega að vera með kýrnar

en það eru ekki nema nokkur ár síðan að fjárbúskapnum var endanlega hætt,” segir Bára. Búskaparsagan á Stað er þó ekki öll sögð með þessum orðum því þar var rekið allsstórt svínabú um tíma. Um þann búskap segir Bára:

“Það var ungur maður sem var búinn að vera allengi hjá okkur sem setti upp svínabúsið, átti það og rak í nokkur ár. Hann byggði sér einnig íbúðarhús á svæðinu. Svínabúsið seldi hann síðan öðrum manni en reksturinn gekk ekki upp og það varð úr að búskapnum var hætt og við keyptum af honum bæði íbúðarhúsið og svínahúsið. Í fyrstu var ætlunin að breyta því í samkomuhús en niðurstaðan varð hins vegar sú að þar var sett upp hótél. Það var heilmikið fyrirtæki. Rífa þurfti allt innan úr húsinu og hreinsa það rækilega og ná úr því lyktinni. Það má eiginlega segja að þegar því var lokið hafi ekkert staðið eftir nema útveggirnir og þakið. Þar voru síðan innréttuð 18 tveggja manna herbergi og veitingaskáli sem rúmaði um 70 manns í sæti og þar er líka notaleg setustofa. Síðar, eða árið 2005 var enn bætt við gistiástöðuna þegar keypt var tilbúið hús frá SG – húsum á Selfossi, það flutt hingað norður og sett upp við gistihúsið. Eftir að það kom til sögunnar vorum við með 26 tveggja manna herbergi auk þeirra fjögurra sem eru í skálanum sjálfum en þau höfum við ekki notað í langan tíma nema í því sem ég kalla neyðartilvikum.”

Bára segir að yfir sumarmánuðina séu útlendingar í miklum meirihluta þeirra sem gista á hótelinu. “Kannski er aukinn fjöldi erlendra ferðamanna einna mesta breytingin sem orðið hefur á þeim tíma sem liðinn er frá því að við hófum ferðapjónustuna. Á árum áður voru þeir tiltölulega sjaldséðir en nú kemur fjöldi þeirra hér daglega. Þeir sem koma hingað í gistingu eru flestir á vegum ferðaskrifstofanna sem skipleggja ferðir þeirra. Sumir hóparnir eru að koma eða fara af Vestfjörðum eða af Ströndum, aðrir á leið um hringveginn.”

Það er í mörg horn að líta við rekstur hótelsins. Gestir þar fá morgunverðarþjónustu en morgunverðurinn er útbúinn í hótelinu og framreiddur í einum sal þess. Gestir geta einnig pantað sér mat af matseðli en allur maturinn er búinn til í Staðarskála og fluttur þaðan til hótelsins. “Við skottumst með hann á bílunum okkar,” segir Bára og bætir því við að þótt þetta séu snúningar þá sé fyrirhöfnin ekki mikil.

YFIRTEKINN REKSTURINN AÐ BRÚ

Í langan aldur rak Kaupfélag Hrótafirðinga söluskála að Brú. Fyrst var sá skáli aðeins opin yfir sumartímann en þar kom að hann var stækkaður verulega og farið að hafa hann opinn allt árið. Bára er spurð að því hvort það hafi ekki verið hörð samkeppni sem Brúskálinn veitti?

“Nei,” svarar hún að bragði. “Það var alltof stutt á milli okkar til þess að um samkeppni væri að ræða. Ég held að það hafi verið nóg að gera hjá báðum, sérstaklega eftir að vegirnir bötundu og umferðin jókst. Það var fremur að við ættum í samkeppni við þá sem voru lengra í burtu, svo sem Varmahlíð, Blönduós og svo Hreðavatnsskála. Eftir að samgöngurnar urðu greiðar var ólíklegra að þeir sem stoppuðu þar kæmu líka við hjá okkur. Þeir sem áðu á annað borð í Hrótafirðinum völdu sér stað. Sumir komu til okkar, aðrir í Brúarskálann. Nei, við fundum ekki mikið fyrir samkeppni við þá.”

En breytingar tímans komu einnig við Brú. Ný fjarskiptatækni varð til þess að símsstöðin þar og radióstöðin þjónaði ekki lengur sama hlutverki og áður og þar kom að símsstöðin var lögð niður. Eftir það var lengi pósthús að Brú en þegar það var lagt niður var þjónusta þess færð í Staðarskála. Þar með var Staður orðið pósthús sveitarinnar en því hlutverki hafði hann gegnt á liðnum árum – og meira en það. Í eina tíð var þar einnig skiptistöð landpóstanna og því um mikilvæga póststöð að ræða. Til minja um þann tíma hefur verið reist minnismerki sem blasir við þegar ekið er um hlaðið í Staðarskála. Fyrir tveimur árum var síðan pósthúsið að Stað lagt niður og öll starfsemin pósthjónustunnar færð til Hvammstanga.

En símsstöðvarhúsið stóð eftir við Brú. Stórt og vandað hús sem hafði þjónað út sinn tíma. Þess beið nýtt hlutverk. Árið 2000 var því breytt í gistihús og jafnframt komið fyrir upplýsingamiðstöð ferðamála á jarðhæðinni. Og síðan gerðist það sem ungu stúlkuna úr Ófeigsfirði hefur örugglega ekki dreymt um þegar hún gekk um ganga og sali símsstöðvarhússins forðum daga – að hún eignaðist þetta hús. En sú varð raunin. Árið 2002 var rekstur Staðarskála ehf. sameinaður rekstri Veitingaskálans Brú og þar með Símsstöðinni í Brú. Þar með var veitinga- og gistireksturinn í Hrótafirði kominn á eina hendi.

ALLTAF HEITT Á KÖNNUNNI

En víkjum aftur að Staðarskála og þjónustunni þar. Nú heyrir til undantekninga að fólk verði veðurteppt og komist ekki yfir Holtavörðheidiðna og er það því af sem áður var þegar það kom fyrir að heidið var með öllu ófær og ferðalangar söfnuðust saman í Staðarskála og biðu þess að vegurinn yrði opnaður. Þá var þar stundum mannmargt og fyrir kom að ferðalangar urðu að dvelja þar lengur en einn dag. Hvað gátu staðarhaldarar get fyrir þetta fólk og hvernig í ósköpunum var hægt að koma öllum fyrir?

Bára brosir við og þvertukur fyrir að um einhvert vandamál hafi verið að ræða. “Maður varð bara að gæta þess að hafa heitt á könnunni,” segir hún.

Fyrir kom að 80 – 100 manns þurfti að hafa næturstað í Staðarskála. “Þegar svo stóð á gerði fólk sér flest að góðu,” segir Bára. “Ég minnst þess ekki að nein stórvandamál hafi komið upp. Við tíndum til allar dýnur og teppi sem til voru á staðnum. Fólk lá á gólfinu í Skálanum og með marga fórum við heim til okkar eða í önnur hús á svæðinu þar sem það gisti. Einstaka ferðalangur var svo fyrirhyggjusamur að hafa með sér búnað. Auðvitað var þröng á þingi og mikil vinna að sjá fólkinu fyrir mat og öðrum þörfum. En okkur fannst einhvern veginn alveg sjálfsagt að gera það sem við gátum til að hlúa að því. Það kom líka fyrir að við urðum að bíða langt fram á nótt til að taka á móti gestum sem við vissum að voru að brjótast áfram í óveðri og hríð til að komast í Staðarskála.”

En kom það ekki fyrir að þið yrðum að sækja fólk sem “strandaði” á heidinni, er spurning sem skotið er inn:

“Það kom fyrir að menn héðan að norðan fóru upp á heidi til þess að sækja þangað fólk en það var ekki algengt,” svarar Bára. “Á árum áður var fólk meira vakandi fyrir því að leggja ekki á fjallveginn nema hann væri talinn fær, en auðvitað kom fyrir að veður skipuðust fljótt í lofti. Nú liggur fólki svo mikið á að það leggur á fjallvegina þótt búið sé að ráða frá því. Það er raunar orðið mjög sjaldgæft að snjó rálmi för. Það er fremur veðurhæð – rokið – sem setur strik í reikninginn.”

Í MÖRG HORN AÐ LÍTA Á STÓRU “HEIMILI”

Enn hvernig gengur “heimilishaldið” fyrir sig í Staðarskála?

Bára svarar því til að skálinn sé búinn

að vera of lítill lengi til þess að anna gestafjöldanum eins og best yrði á kosið. “Að auki er hann óeitanlega dálítið óhentugur þar sem hann er á tveimur hæðum og frystigeymslan er í öðru húsi á lóðinni. Þetta kostar dálítill hlaup upp og niður og fram og til baka. Við erum hér með tvo matreiðslumenn sem vinna sitt hvora vikuna. Annar þeirra er sunnan af Álfanesi en hinn frá Tökklandi. Mikið er lagt upp úr því að hafa venjulegan heimilismat á matseðlinum og geta gestirnir valið á milli þriggja til fjögurra slíkra rétta daglega. Þetta er maturinn sem fólkið og þá sérstaklega fastagestirnir okkar vilja. Það er tæplega spurt um pasta eða slíka rétti.”

En það eru ýmsar veitingarnar sem Bára hefur á eigin hendi. “Ég hef alveg frá upphafi séð að mestu um baksturinn. Lengi vel bakaði ég sjálf öll rúgbrauðin og kökurnar sem við þurftum. Já, og ástarpungana sem löngum hafa verið eitt vinsælasta kaffibrauðið hér. Það má segja frá því til gamans að þegar það fréttist að við hefðum selt skálann og hann yrði fluttur á annan stað þá spurðu margir hvort við myndum hætta með ástarpungana. Ætli ég verði ekki að halda áfram að steikja þá – alla vega fyrst um sinn,” segir Bára og hlær við.

Matföng kaupir Staðarskáli aðallega frá Reykjavík og Akureyri. Þegar Bára er spurð að því hvort tölvubúnaðurinn létti ekki allt utanumhald vegna birgða svarar hún því til að sér hafi reynst það best að “mæla með augunum” hvað sé til og hvað vanti. “Á stað eins og þessum gildir eitt meginlögmál hvað varðar birgðir – það að eiga alltaf nóg, því aldrei veit maður hvað gestirnir verða margir.”

Bára segir að þau í Staðarskála hafi ekki haft uppþvottavél fyrr en skálinn var stækkaður. “Alveg fram að þeim tíma var allur borðbúnaður þvegin í höndunum,” segir hún. “Og auðvitað hafa orðið miklar breytingar og framþróun í öllum eldhúsbúnaði frá því sem var í gamla daga, enda eins gott.” Hún segir líka að hótelið þurfi mikla þottaþjónustu. “Við sendum allan rúmfatnað frá því til Reykjavíkur þar sem Þvottahúsið Fönn þvær hann fyrir okkur. Það er hagkvæmara en að þurfa að vera með stórt þvottahús á staðnum með tilheyrandi vélum og starfsfólki en þýðir aftur á móti að við þurfum að eiga meira af rúmfötum en ella eða fjóra til fimm ganga.”

Staðarskáli hefur um árabíl verið einn stærsti vinnustaðurinn í Húnavatnssýslu. Á

sumrin eru starfsmenn milli 40 og 50 en 15 – 20 yfir vetrartímamann. Bára segir að bærilega hafi gengið að fá fólk í vinnu en því sé ekki að neita að hún hefði gjarnan kosið að fá fleira fólk af heimaslóðum. “Á sumrin er það einkum skólafólk sem er í vinnu hjá okkur,” segir hún. “Oft menntaskólafólk og það hefur reynst okkur vel. Síðustu árin hef ég t.d. haft mörg barnabörn mín í vinnu og er það ánægjulegt að geta í senn látið þau hafa störf og að umgengist þau. Ungu fólkið er flest duglegt og fljótt að læra til verka. Sumu finnst ég örugglega dálítið smámunasöm þegar kemur að þrífumum og ég minnst þess að ein stúlka sagði t.d. við mig eftir að hún hafði sjálf stofnað heimili: “Núna skil ég hvað þú varst að tala um þegar þú varst að segja okkur að þrífva vel út í öll horn.” Á stað eins og þessum skiptir hreinlætið miklu máli, bæði í veitingasölnunni og á hótelinu. Þar má aldrei slaka neitt á.”

TÍMAMÓT HJÁ STAÐARFJÖLSKYLDUNNI

Það þóttu töluverð tíðindi þegar það spurdist út í ágústmánuði 2007 að fjölskyldan hefði selt Staðarskála. Er nú vitnað í frétt frá þessum tíma þar sem sagði:

“Fjölskyldan á Stað í Hnútafirði hefur selt allt hlutfé sitt í Staðarskála ehf. til N1, en gengið var frá þessum kaupum nýlega. Staðarskáli ehf. rekur í dag Staðarskála, Veitingaskálinn Brú og Gistihúsið Staðarflöt. N1 hefur áform um að reka félagið í óbreyttri mynd þar til að nýr vegur í botni Hnútafjarðar verður tilbúinn. Þá er gert ráð fyrir að sameina Staðarskála og Veitingaskálinn Brú við ný gatnamót Þjóðvegur 1 og Djúpvegur undir merkjum Staðarskála og N1.”

En hvernig stóð á því að ákveðið var að selja þetta gamalgróna og vinsæla fjölskyldufyrirtæki?

Bára svarar með annarri spurningu. “Ég er búin að standa í þessu í 48 ár – er það ekki nógu langur tími?” Það verður þögn stutta stund en síðan útskýrir hún málið frekar:

“Það var búið að standa til í langan tíma, alveg frá 1989 ef ég man rétt, að færa þjóðveginn. Leggja hann út með Hnútafirði að vestan og síðan upp af eyrunum nokkru fyrir norðan Staðarskála. Þar með lá fyrir að við yrðum ekki lengur í þjóðbraut og þyrftum að flytja okkur til. Við hefðum verið búin að breyta skálanum hérna og stækka hann ef þetta hefði ekki legið í

loftinu. Fyrir lá að það þyrfti að byggja á nýjum stað og það er auðvitað mikil og dýr framkvæmd. Í raun miklu meira áttak en þegar við byggðum hér upphaflega.

Það sem mestu réði þó ákvörðuninni að selja var að enginn í fjölskyldunni var tilbúinn til að leggja út í þessa miklu framkvæmd og taka svo við rekstrinum. Það varð því úr að við tókum ákvörðun um að selja N1 og ég er ekki í vafa um að það fyrirtæki mun standa vel að nýjum Staðarskála og hótelinu.”

Þótt breytt hafi verið um eignarhald og gamla Staðarskála læst í síðasta sinn þýðir það ekki að fjölskyldan hafi yfirgefið reksturinn. Bára ætlar alla vega að sinna honum eitthvað áfram. “Um daginn sagði einn viðskiptavininn okkar við mig og Vilborgu dóttur mína að við hefðum ekki staðið svona lengi í þessu ef við hefðum ekki haft gaman af því. Hann hafði lög að mæla. Þetta er raunar búið að vera óvenjulega annasamt sumar þar sem ofan á umferð gesta og gangandi bættist svo við fjöldi þeirra sem var að vinna við framkvæmdirnar, bæði byggingu nýs vegar og skála.”

Flest starfsfólk gamla Staðarskála flutti sig yfir í nýja vinnustaðinn. Þar verður Kristinn Guðmundsson stöðvarstjóri hjá N1 en hann er tengdasonur Báru og Magnúsonar, giftur Vilborgu Magnúsdóttur sem um árabíl hefur verið hægri hönd móður sinnar við reksturinn. Eiríkur Gíslason heldur einnig áfram störfum sínum í nýja skálanum og rétt eins og á gamla staðnum kemur hann þangað á hverju kvöldi og gengur frá þegar allir aðrir eru farnir. Það kom líka fram í blaðaviðtali að Sveinn Friðfinnsson sem lengi hefur verið kokkur í Staðarskála myndi kokka á nýja staðnum. Sveinn sagði þó í viðtalinu að ekki væri víst að allir úr gamla skálanum myndu fylgja sér: “Vaktirnar eru góðar og ég sef í kjallaranum, einn í húsinu. Eða ekki alveg einn. Það eru góðar vættir með mér, sumir myndu kalla það drauga. En ég er hræddur um að ég fá þá ekki til að flytja í nýja húsið,” sagði hann.

Kannski tekur Bára sér frí þegar um hægist. Það hefur hún og raunar Staðarfólkið sjaldan gert. “Ég fór í tvo daga á Strandirnar í sumar,” segir Bára og bætir því við að hún reyni að bregða sér öðru hverju til útlanda. “Ég fór til Grikklands í fyrra – það var sannarlega skemmtileg ferð.”

Það líður að því að kveðja Báru – og gamla Staðarskálann. Hún býður upp á

kaffi og ástarpunga og það er óhætt að taka undir það sem um þá hefur verið sagt – betra gerist kaffibrauð ekki. Sest er til borðs með Eiríki Gíslasyni sem rétt eins og Bára og Magnús hefur sett sál sína í það að reka þennan stað og gera gestunum sem best til hæfis. Maður sem aldrei hefur látið mikið á sér bera en unnið sín störf af festu og trúmennsku.

Á einum veggnum í skálanum hangir mynd af Magnúsi Gíslasyni. Hann lést langt um aldur fram árið 1994. Allt fram til hins síðasta var athafnasemi hans ótrúleg. Flestir hefðu átt nóg með það að reka jafnstórt fyrirtæki og Staðarskáli var orðinn en Magnús hafði fleiri járn í eldinum. Um árabíl var hann með vörubílaútgærd, ók m.a. milli Reykjavíkur og Hvammstanga fyrir Verslun Sigurðar Pálmasonar og annaðist fóðurflutninga fyrir bændur í sveitinni. Öllum sem honum kynnist bar saman um að af honum hefði verið mikill mannskaði þegar hann féll frá.

Og á öðrum stað er ljóð Þórarins Eldjárns “Staðarskáli er Ísland” innrammað. Staðarfólki þykir vænt um þann kveðskap og líka ummæli sem Þórarinn lét falla í útvarpsþætti eftir að hann hafi verið í útlöndum finnst honum sem hann sé ekki kominn heim fyrr en hann hafi heimsótt Staðarskála. “Það er dálítið merkilegt,” segir Bára, “að nokkru áður en hann sagði þetta mætti ég konu hérna í salnum sem sneri sér að mér og viðhafði nánast alveg sömu orð. Þetta er nokkuð sem manni þykir vænt um og geymir með sér.”

Og það munu örugglega margir sakna Staðarskála og Staðarskála andans, nema takist að yfirfæra hann á nýja skálann á nýja staðnum. Ætli margir geti ekki tekið undir það sem Einar K. Guðfinnsson ráðherra sagði í bloggi sínu um það leyti sem gamla skálanum var lokað: “Staðarskálinn hefur hins vegar staðið af sér allar sviptingar og verið fyrir sakir dugnaðar eigenda og ágætist starfsfólks einhver vinsælasti áningarstaður sem um getur við þjóðveginn. Varla er til sá Íslendingur sem kominn er til þroska sem ekki hefur lagt leið sína um þennan sögufræga stað.”

Úr hlýjunni í Staðarskála er haldið út í kaldan norðangustinn sem stendur inn Hrutafjörð. Bílar eru að koma og fara. Flutningabílstjórnarnir sestir undir stýri og þess albúnir að halda ferð sinni áfram eftir að hana fengið sér kaffi og ástarpunga. Rúta, þéttskipuð ferðamönnum, rennir í hlað og þótt hún sé ekki rauð gefur það

tilefni til þess að rífa upp lok hins ágæta kvæðis Þórarins Eldjárns:

“Svo kemur Norðurleiðarrútan rauða
rennur í hlaðið, aðrir bílar fara
nú má heyra ræstan díseldreka
dreifbýlinu óþreytandi að sinna.
Hér vil ég una ævi minna daga
innst í skoti bíða veitinganna
átekta og halla mímisshöfði
hógvær undir flatt og nema allt þetta.” ❄